

Talningar á hjólreiðaumferð

Bætt aðferðafræði með leitun til nágrannalanda

Í Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 eru sett fram leiðarljós um þróun byggðar á höfuðborgarsvæðinu. Leiðarljós 2 fjallar um skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi, og þar er eitt af markmiðum að hlutfall göngu- og hjólreiða í öllum ferðum verði a.m.k. 30% árið 2040. Samkvæmt ferðavenjukönnun frá 2011 fyrir höfuðborgarsvæðið var þetta hlutfall 20% árið 2011. Til að styðja við framfylgd markmiðs um aukna hlutdeild hjólreiða er kveðið á um það að gerð verði árleg samantekt á fjölda þeirra sem hjóla.

Hjólreiðaumferð er í dag talin með handvirkum talningum í Reykjavík og Kópavogi. Eru þær framkvæmdar á háannatíma á morgnana og seinnipartinn, í Reykjavík er talið í einn dag fjórum sinnum á ári en einu sinni á ári í Kópavogi. Það bera að nefna að Reykjavík setti nýverið upp þrjá sjálfvirka hjólateljara til viðbótar, þannig teljumur sem telja umferð stöðugt yfir árið hefur nú fjölgað úr einum í fjóra.

Aðferðum hjólreiðatalninga er gróflega skipt í handvirkar talningar og sjálfvirkar talningar. Kostir handvirkra talninga eru hversu sveigjanlegar þær eru og auðvelt að greina á milli akstursstefna. Þó er hætta á mannlegum mistökum og eru þær kostnaðarsamar samanborið við sjálfvirkar talningar vegna fjölda starfsfólks sem þörf er á við talninguna. Í handvirkum talningum er oftast bara talið yfir einn dag sem getur verið háð mikilli óvissu, t.d. ef dagurinn sem valinn er til talningar sker sig úr miðað við meðaltalsumferð. Sjálfvirkar talningar gera það kleift að safna göngum yfir lengri tíma og sjá tímabundnar breytingar á umferðarmagni, t.d. árstíðasveiflur. Að sjálfsögðu eru sjálfvirkar aðferðir einnig með fyrirvara um skekkjur í talningum. Mismunandi sjálfvirkar aðferðir eru í boði en þær algengustu eru gúmmíslöngur og slaufur úr vír. Slöngurnar eru lagðar yfir yfirborð vegar og telja farartæki sem aka yfir. Slaufurnar eru hins vegar varanlegri, gjarnan fræstar í malbikið. Slaufurnar byggja á segulsviði, en þegar hlutur úr málmni fer yfir þær myndast vægur straumur í henni sem framkallar talningu.

2000 = indeks 100



Mynd 1


Breyting á vísitölu hjólreiðaumferðar frá árinu 2000-2016 í Danmörku.

Skoðuð voru dæmi frá tveimur Norðurlöndum, Noregi og Danmörku, og hver stefna stjórnvalda er í þeim löndum þegar kemur að hjólreiðatalningum og einnig voru skoðuð nánar valin sveitarfélög innan þessara landa. Að auki voru skoðaðar hjólreiðatalningar frá Portland í Oregonfylki í Bandaríkjunum. Þar er hjólreiðasamfélagið stórt og sker sig úr að mörgu leyti frá Bandaríkjunum þegar kemur að hjólreiðum. Talningar þar eru alfarið á ábyrgð borgarinnar.

Í Noregi og Danmörku er fjárfest í varanlegum sjálfvirkum teljum sem telja hjólreiðaumferð stöðugt. Út frá þessum talningum er hægt að reikna hjólreiðavísitölu yfir landið, fylgjast með þróun milli mánaða og ára, og reikna ÁDU (árdagsumferð) hjólreiða. Hins vegar er talninganetið enn mjög gisið samanborið við bílatalningar. Til að þetta netið og auka nákvæmni mælinga er talið á fleiri stöðum með færanlegum búnaði eða handvirkt. Sveitarfélögin eru einnig mörg hver með eigin stefnu í hjólreiðatalningum, hafa fjárfest í sjálfvirkum teljum og sum reikna eigin hjólreiðavísitölu sem hægt er að bera saman við vísitöluna á landsvísu. Talningar eru notaðar á Norðurlöndunum til að meta áhrif tiltekinna aðgerða er miða að hjólreiðum og til að forgangsraða aðgerðum. Reynt er að leiðrétta fyrir veðri þar sem veður hefur mikil áhrif á hjólreiðaumferð.

Í Portland hefur verið fjárfest í nokkrum sjálfvirkum teljum og stefnt að frekari fjölgun. Við úrvinnslu gagna frá þeim teljum er borið saman umferðarmagn milli virkra daga og helgidaga, umferðarmagn borið saman milli árstíða og breyting í hjólreiðaumferð skoðuð milli ára. Þess fyrir utan er talið einu sinni á ári yfir háannatíma í 2 klukkustundir, til verksins eru fengnir um 100 sjálfbóðaliðar og er talið á yfir 200 stöðum. Við þá talningu er reynt að skrá niður kyn þeirra sem hjóla og hjálmanotkun. Dreifingin er svo skoðuð eftir hverfum milli ára.

Niðurstöður verkefnisins voru m.a. að fjölga þurfi bæði talningastöðum og tíðni talninga hérlandis. Mikilvægt er að gera áætlun um talningar og halda áfram fjárfestingu sjálfvirkra teljara. Greina þarf þróun hjólreiða á milli ára og safna gögnum um hjólreiðatalningar á miðlægum hátt. Í niðurstöðum skýrslunnar er komið með ábendingar til stjórnvalda bæði á landsvísu og á sveitastjórnarstigi.



Mynd 2

Tillögur að talningarstöðum hjólreiða á Höfuðborgarsvæðinu.

Í samræmi við markmið Svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins eru settar fram tillögur að talningarstöðum á Höfuðborgarsvæðinu innan lykilleiða hjólreiða (sjá mynd 2.) Á talningarstöðunum er lagt til að talið sé sem oftast og sjálfvirkum teljurum á þessum stöðum verði fjölgað eftir föngum.